

Greinargerð um norrænt samstarf á sviði stafrænnar væðingar

Norðurlönd eru meðal þeirra svæða sem eru fremst í heiminum á sviði stafrænnar væðingar og stafrænna umskipta í einkageiranum og hinum opinbera geira. Þetta sýna alþjóðlegar mælingar á við *The Digital Economy & Society Index* frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og *eGovernment Survey* frá Sameinuðu þjóðunum en þar skipa norrænu löndin efstu sætin. Norðurlönd eru vel í stakk búin að vera brautryðjendur í stafrænum umskiptum og tryggja að stafræn væðing virði gildi þjóðanna þar sem hreinskilni og traust til hins opinbera og lýðræðisstofna samfélagsins eru í öndvegi. Norræn stjórnvöld bera sama metnað um að vera mest samþætta svæði í heimi sem greiðir fyrir frjálsri för milli landanna. Samanlagt eru þessir þættir grundvöllur norræns samstarfs um stafræna væðingu.

1. Stafræn samþætting á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum

Stjórnvöld Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna vilja tryggja að löndin verði áfram leiðandi afl á sviði stafrænnar væðingar og nýti forskot sitt, nýsköpunarfærni og samanlagða stærðarhagkvæmni. Þess vegna undirrituðu þau sameiginlega yfirlýsingu (Digital North-yfirlýsinguna) í apríl 2017 um að þau vildu efla samstarf landanna á sviði stafrænnar væðingar.

Norðurlönd og Eystrasaltsríkin óska eftir samstarfi um þrjú almenn stefnumið:

1. Að efla möguleika stjórnvalda og samfélaga á stafrænum umskiptum, einkum með því að skapa sameiginlegan markað fyrir rafræna þjónustu milli landa.
2. Að styrkja samkeppnisfærni fyrirtækja með stafrænni væðingu.
3. Að þróa stafrænan innri markað Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna sem byggir á stafrænum hornsteini ESB.

2. Ráðherranefndin um stafræna væðingu – Þróttmikið, markvisst og tímabundið samstarf

Samstarfsráðherrar Norðurlanda (MR-SAM) vilja efla samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna á sviði stafrænna umskipta og styðja við eftirfylgni með metnaðarfullum markmiðum Digital North-yfirlýsingarinnar. Í þeim tilgangi settu þeir sérstaka ráðherranefnd á laggirnar á árinu 2017 um stafræna væðingu (MR-DIGITAL) fyrir tímabilið 2017–2020.

Meginverkefni ráðherranefndarinnar (MR-DIGITAL) er að samhæfa eftirfylgni með hinum þremur almennu stefnumiðum Digital North-yfirlýsingarinnar í samstarfi við hlutaðeigandi fagsvið. Ráðherranefndin (MR-DIGITAL) mun stöðugt grípa til nýrra stafrænna aðgerða til að bregðast við sameiginlegum áskorunum sem upp koma.

Það sem gerir samstarfið um stafræna væðingu einstakt er hið nána samstarf við Eystrasaltsríkin á fundum og um sameiginleg verkefni.

3. Forgangsverkefni

Frá því að Digital North-yfirlýsingin var undirrituð í apríl 2017 hefur ráðherranefndin (MR-DIGITAL) ráðist í verkefni og aðgerðir sem tryggja eiga betri nýtingu stafrænna tækifæra í þágu almennings og atvinnulífs á öllu svæðinu. Í nánú samstarfi við ráðuneyti og yfirvöld í löndunum og hlutaðeigandi ráðherranefndir í

norrænu samstarfi eru aðgerðir þessar teknar saman í ítarlegri og heildrænni framkvæmdaáætlun fyrir tímabilið 2018–2020 (sjá fylgiskjal).

Auk Digital North-yfirlýsingarinnar sendu samstarfsráðherrar Norðurlanda og ráðherranefndin um stafræna væðingu frá sér tvær yfirlýsingar í maí 2018 um metnaðarfull markmið í norrænu samstarfi um stafræna væðingu: 1) Yfirlýsingu um hraða og samþætta innleiðingu 5G-fjarskiptatækninnar á Norðurlöndum og 2) yfirlýsingu um öflugra samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna um að nýta tækifæri og áhættur við notkun gervigreindar (AI).

Á grundvelli hinna þriggja yfirlýsinga um samstarfið um stafræna væðingu ber að nefna þrjú forgangsverkefni í starfi ráðherranefndarinnar (MR-DIGITAL) á árunum 2018–2020: 1) Samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna um rafrænar auðkenningar, 2) hraðari uppbyggingu 5G-tækninnar og 3) samstarf um gervigreind.

3.1. Aðgangur að rafrænni þjónustu milli landa (samvirkni rafrænna skilríkja)

Rafræn almannþjónusta á að skapa traust og hreinskilni með hágæðalausnum sem fólk treystir og eru einfaldar í notkun. Traust og einfaldleiki eru grundvallarþættir í uppbyggingu rafrænnar almannþjónustu þar sem notandinn er í fyrirrúmi. Gagnaöryggi og upplýsingatækniöryggi eru jafnframt nauðsynlegar forsendur fyrir því að traust ríki til stafrænna lausna. Almannþjónusta á að vera samfelld og samþætt í augum almennings, fyrirtækja og stofnana.

Sameiginlegt markmið Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna er að innleiða gagnkvæma viðurkenningu á landsbundnum rafrænum skilríkjum innan svæðisins til þess að almenningur hafi aðgang að öruggri stafrænni þjónustu milli landa. Það á til að mynda við um aðgang að bankayfirfærslum á netinu, rafrænni skattaskráningu, rafrænum námsúmsóknum og rafrænum lyfseðlum í þeim tilvikum þar sem almenningur þarf að framvísa landsbundnum rafrænum skilríkjum. Verkefnið mun auðvelda einstaklingum og fyrirtækjum að færa sig stafrænt um set yfir landamæri innan svæðisins og er mikilvægt skref í átt til framtíðarsýnar um stafrænan innri markað Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna.

Samstarfið um rafræn skilríki mun veita Norðurlöndum og Eystrasaltsríkjunum forskot við innleiðingu eIDAS-reglugerðar framkvæmdastjórnar ESB, greiða fyrir stafrænum hreyfileika innan svæðisins og framfylgja þeirri framtíðarsýn að Norðurlönd eiga að vera mest samþætta svæði í heimi.

Norsk stafvæðingaryfirvöld (Difi) stýra samstarfinu um rafrænar auðkenningar þar sem verið er að gera tilraunir með notkun rafrænna auðkenningarlausna innan tiltekinnar rafrænnar þjónustu milli landanna.

3.2. Hraðari uppbygging 5G-kerfisins

5G-tæknin felur í sér mikil sóknarfæri fyrir hagkerfi Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna. Hún getur aukið sjálfbærni og samkeppnisfærni fyrirtækja, til að mynda með snjöllum samgöngukerfum, sjálfakandi farartækjum, snjallorkulausnum sem byggja á gagnavöktun og rafrænni heilbrigðisþjónustu í strjálbýli.

Norðurlönd og Eystrasaltsríkin geta státað af hápróuðum fjarskiptakerfum og samkeppnisfærum fjarskiptafyrirtækjum. Norðurlönd eru jafnframt framarlega á sviði þróunar og nýtingar á nýrri og nýskapandi tækni og framleiðsluháttum í tilteknum atvinnugreinum og á sviði velferðartækni. Svæðið er því í góðri stöðu til að hafa forgöngu í heiminum um hraða uppbyggingu 5G-fjarskiptatækni og tækniþróun

sem byggir á 5G. Mikilvægt er að móta góða þróunarstefnu því 5G á eftir að verða mikilvægur drifkraftur nýsköpunar í samfélaginu.

Í ljósi þessa sendu norrænu forsætisráðherrarnir frá sér sameiginlega yfirlýsingu af fundi þeirra 25. maí 2018 um að Norðurlönd eigi að verða fyrsta og mest samþætta 5G-svæði í heiminum. Meðal lykilaðgerða verður að tryggja aðgengilegt prófunarsvið fyrir tækni sem byggir á 5G, að tíðnisvið verði samhæft innan svæðisins og að tilgreind verði 5G-prófunarumhverfi í tilteknum atvinnugreinum og geirum.

Mikilvægt verkefni í opinberum geira verður að hvetja til fjárfestinga í uppbyggingu 5G í öllum landshlutum, atvinnugreinum og geirum, meðal annars með því að tryggja hagstæð rammaskilyrði og benda á mikilvægi 5G í ýmsum atvinnugreinum og geirum. Samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna um uppbyggingu 5G fer fram í nánnum samskiptum landsbundinna yfirvalda á sviði stafrænnar væðingar og samráði við upplýsingatækni- og fjarskiptatæknifyrirtæki í löndunum.

Ráðherranefndin (MR-DIGITAL) hefur átt samstarf við skrifstofuna um gerð framkvæmdaáætlunar fyrir samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna um hraða, örugga og samþætta uppbyggingu 5G innan svæðisins en framkvæmdastjóri ráðherranefndarinnar mun kynna hana á fundi forsætisráðherranna á Norðurlandaráðsþingi 2018.

3.3. Efla samstarf um þróun gervigreindar og notkun hennar í þágu samfélagsins

Í framtíðinni mun notkun gervigreindar (AI) ekki einskorðast við vélar og iðnað heldur mun hún einnig nýtast sem snjallir stafrænar „aðstoðarmenn“ þegar ákvarðanir eru teknar víða í heilbrigðiskerfinu, samgöngumálum, orkugeira, opinberri stjórnsýslu og ráðgjöf svo eitthvað sé nefnt.

Með betri nýtingu gagna getur gervigreind stuðlað að nýsköpun og þróun lausna á stórum samfélagsáskorunum. Það á ekki síst við um sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda og aukna hagræðingu í samgöngumálum. Þá vakna erfið siðferðisleg álitamál sem tengjast notkun gervigreindartækni. Mikilvægt er að virða það stafræna öryggi sem tekist hefur að skapa á Norðurlöndum.

Ráðherrar Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna undirrituðu þann 14. maí 2018 yfirlýsingu um nánara samstarf á sviði gervigreindar. Þeir vilja tryggja betri nýtingu tækifæra sem leynast í gervigreind í opinberum geira og einkageiranum og jafnframt að norræn gildi verði virt. Yfirlýsingin um gervigreind nefnir eftirfarandi meginmarkmið:

- Bæta möguleika á færniþróun svo að yfirvöld, fyrirtæki og stofnanir geti nýtt sér gervigreind í auknum mæli.
- Auka aðgang að gögnum svo nýta megir gervigreind til að bæta almannaþjónustu á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum.
- Skilgreina siðferðiviðmið, staðla sem geta verið leiðbeinandi um hvenær og hvernig skuli nota gervigreindarforrit.
- Samdir verði alþjóðlegir staðlar fyrir innviði, vélbúnað, forrit og gögn í þeim tilgangi að tryggja samvirkni, samþættingu, öryggi, traust, nothæfni og hreyfanleika.

Formennskulandið á samstarf við háttsettan sérfræðingahóp á vegum ráðherranefndarinnar (MR-DIGITAL) um gerð ítarlegrar eftirfylgniáætlunar með aðgerðum sem tengjast umræddum markmiðum.

3.4. Þverlægar aðgerðir á sviði stafrænnar væðingar

Stafræn væðing skiptir máli á öllum sviðum samfélagsins og varðar því allar fagráðherranefndir í norrænu samstarfi. Mikilvægt verkefni ráðherranefndarinnar um stafræna væðingu er að samhæfa og styðja við stafrænar aðgerðir á öðrum fagsviðum.

Ýmsar ráðherranefndir ræða sóknarfæri stafrænnar væðingar og ráðast í verkefni sem eiga að nýta tækifæri stafrænnar tækni um öll Norðurlönd. Taflan sýnir yfirlit yfir nokkrar aðgerðir á vegum fagráðherranefnda.

Tafla: Dæmi um aðgerðir fagráðherranefndanna á sviði stafrænnar væðingar

Ráðherranefnd	Aðgerðir
MR-S (félags- og heilbrigðismál)	Gagnadrifin heilbrigðisþjónusta og nýting stafrænnar tækni á heilbrigðissviði
MR-A (vinnumál)	Samstarf um rannsóknir á mikilvægi stafrænnar væðingar á vinnumarkaði framtíðarinnar (Future of Work)
MR-N (atvinnustefna)	Bætt nýting fyrirtækjagagna (Smart Government 3.0)
MR-JÄM (jafnréttismál), MR-U (menntamál og rannsóknir) og MR-A (vinnumál)	Fjölga konum í raungreinum og upplýsingatæknigeira
MR-U (menntamál og rannsóknir)	Efla stafræna færni í skólum Samstarf um skipti á rannsóknagögnum og þróun rafrænna rannsóknainnviða (eScience)
MR-FJLS (fiskveiðar og fiskeldi, landbúnaður, matvæli og skógrækt)	Nýting gagna og stafrænnar tækni til að tryggja skilvirka og sjálfbæra auðlindanotkun í lífhagkerfinu
MR-R (byggðastefna)	Bættur aðgangur að rafrænum innviðum og þjónustu í öllum landshlutum
MR-LOV (löggjafar-samstarf)	Samstarf norrænna gagnaverndaryfirvalda um að samhæfa innleiðingu almennrar persónuverndarreglugerðar ESB (GDPR)

Til að fá fram ávinning af nánara norrænu samstarfi um gagnaskipti og stafrænar lausnir ákváðu samstarfsráðherrarnir (MR-SAM) að setja stafræna væðingu í forgang í fjárhagsáætlunum Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árin 2019 og 2020. Þar að auki veitir ráðherranefndin (MR-DIGITAL) fé úr eigin sjóði til stuðnings aðgerðum á sviði stafrænnar væðingar á öðrum fagsviðum á árunum 2019 og 2020.

Sá fjöldi aðgerða sem gripið var til á fyrsta starfsári ráðherranefndarinnar ber vitni um mikinn eldhug og sóknarfæri í efldu norrænu samstarfi og samstarfi Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna um stafræn umskipti.